

Reglugjörð

123
30. des.

um

verslun með tilbúinn áburð og kjarnfóður.

Samkvæmt lögum nr. 28, 27. júní 1921, eru hjermeð sett eftirfarandi fyrirbæli.

1. gr.

Þá er verslað er með tilbúinn áburð og meira er selt í senn eða sama manni en 200 kílógr. af hverri tegund, er seljanda skylt, um leið og áburðurinn er afhentur, að afhenda kaupanda tryggingarskjal, undirritað af báðum málsmönnum, eða umboðsmönnum þeirra, nema þeir hafi gert með sjer skriflegan samning um kaupin.

Í tryggingarskjalinu sjeu þær upplýsingar um vöruna, sem reglugjörð þessi ákveður.

Nú hefir seljandi vanrækt að gefa tryggingarskjalið, og eigi heldur skriflegur samningur um kaupin, skal þá líta svo á, að varan sje seld sem óskemd vara, og hvílir á honum sönnunarskylda um að svo sje.

Í tryggingarskjalinu skal tilgreina:

1. Nafn seljanda og kaupanda.
2. Þyngd og verð hverrar tegundar af áburðinum.
3. Nafn áburðarins, sem eigi má gefa ranga hugmynd um, hver hann sje. Bendi nafn áburðarins á, af hvaða efnum hann er tilbúinn, skal greina, ef öðrum efnum er blandað saman við. Sje köfnunarefni í lífrænum samböndum, skal tilgreina uppruna þeirra.

Sje áburðurinn blandinn sandi eða öðrum óverðmætum efnum, skal tilgreina, hve mikið er af þeim.

4. Efnasamsetning áburðarins í hundraðshlutföllum þannig:

- a. Köfnunarefni í saltþjeturssýru.
- b. Köfnunarefni í ammoníaki.
- c. Köfnunarefni í lífrænum samböndum.
- d. Köfnunarefni í cyanamídi.
- e. Fósfórsýra, vatnslaus, leysanleg í vatni.
- f. Fórphórsýra, vatnslaus, óleysanleg bæði í vatni og cítrónsýru.
- g. Kalí, leysanlegt í vatni.
- h. Kalk, (sem kolsúrt kalk).
- i. Gibbs, (vatnslaut, brennisteinssúrt kalk).

Ábyrgð sú, er seljandi tekur á sig með tryggingarbrjefinu, um lágmarksinnihald áburðarins af þeim efnum, sem nefnd eru undir stafliðunum a.—i., skal tilgreind með einni tölu svigrúmslaut.

123 Seljandi ábyrgist með undirskrift sinni, að það, sem sagt er í tryggingarskjalinu um áburðinn, sje rjett, og að áburðurinn sje hæfilega þur og mulinn og vel nothæfur.

Í verðlistum, umburðarbrjefum og auglýsingum má eigi nota önnur orðatiltæki um jurtanærandi efni áburðarins en þau, sem nefnd eru undir stafliðunum a.—i.

2. gr.

Pegar verslað er með kjarnfóður, svo sem korntegundir, olíukökur, sykurlúgang (melasse), síld, síldarmjöl, lýsi og aðrar fóðurtegundir, sem ekki eru innlendar jarðarafurðir, og meira er selt en 300 kg. af hverri tegund, er seljandi skyldur til, á sama hátt og fyrir er mælt í 1. gr., að gefa við afhendingu vörunnar tryggingarskýrteini. Sömuleiðis gilda ákvæði 1. gr., ef enginn skriflegur samningur eða skírteini er útgefið. Á tryggingarskírteini sje tekið fram:

1. Nafn seljanda og kaupanda.
2. Þyngd og verð hverrar tegundar kjarnfóðursins.
3. Nafn kjarnfóðursins og úr hverju það er tilbúið.
4. Sje kjarnfóðrið búið til úr fleiri efnum, skal tilgreina, hver þau eru og í hvaða hlutföllum.
5. Hvort kjarnfóðrið er blandað annarlegum efnum. Sje það eigi tilgreint, verður að álíta að svo sje ekki.
6. Sje um olíukökur að ræða, skal tilgreina, hvort þær eru tilbúnar af fræi með hýði eða hýðislausu.
7. Sje um lýsi að ræða, skal ætíð gefa tryggingu fyrir, hve margir hundraðshlutar af feiti eru í því að minsta kosti.
8. Sje um lifur að ræða, skal tilgreina hvers konar lifur; ennfremur hve margir hundraðshlutar af vatni eða sjó sjeu saman við lifrína, enda sje slíkt ætíð síað frá áður en sala fer fram, að því leyti sem það getur aðgreinst án bræðslu.
9. Sje um síld að ræða, skal tilgreina veiðitímann, hve nær söltuð, hvort hún sje metin útflutningsvara, og þá í hvaða flokki. En sje hún það ekki, þá skal tilgreint hvort hún hafi verið söltuð óskemmd og verið viðhaldið með nægum þekli í fullbentum og lagarheldum ílátum þar til hún er afhent, og ennfremur, hve mikill þungi síldar og salts sje í hverju íláti.
10. Sje um síldarkökur eða síldarmjöl að ræða, skal tilgreina, hvort það er unnið úr nýrri síld eða saltaðri.
11. Sje um fiskmjöl að ræða, skal tilgreina, úr hverju það er unnið, hvort heldur úr beinum eða innýflum.
12. Sje trygging gefin fyrir ákveðnum næringarefnum í kjarnfóðrinu, skal tilgreina, með einni tölu eða með ákveðnum svigrúmstölum, hve margir hundraðshlutar eru í því, þannig:

- a. Af köfnunarefniskendum efnum.
- b. Af feiti.
- c. Af sykri.
- d. Af öðrum kolvetnum, sje um þau að ræða í fódðrinu.
- e. Af meltanlegum efnum í hverjum þessara flokka.

123
30. des.

Vilji seljandi eigi gefa tryggingu fyrir einhverju í nefndum atriðum, verður hann að taka fram, að honum sje ekki um þau kunnugt.

Með undirskrift sinni ábyrgist seljandi, að það, sem sagt er um fódðrið, sje rjett, og sje enginn varnagli sleginn, verður að álíta, að fódðrið sje eigi blandað neinum efnum, er skaðleg teljast fyrir heilbrigðisástand búpenings, að það sje óskemt og vel nothæft til fódðurs.

3. gr.

Í verðlistum, umburðarbrjefum og auglýsingum um vörur þær, er reglugjörð þessi ræðir um, er bannað að segja nokkuð það, sem orðið getur til þess að gilla notagildi þeirra, fram yfir það, sem rjett er.

4. gr.

Umbúðir um vörur þær, er ræðir um í reglugjörð þessari skulu bera með sjer eða þeim á annan hátt fylgja upplýsingar um:

- a. Nafn vörunnar.
- b. Nafn verksmiðju eða seljanda.
- c. Hvert efnainnihald seljandi ábyrgist í vörunni samkvæmt tryggingarskírteini, hafi það verið gefið.

Ef fest er við umbúðirnar merki, má það ekki vera minna en 10 cm. á lengd og 5 cm. á breidd. Merkið, sem getur verið úr pappa-ljerefti, sem hægt er að skrifa á, eða trje, þarf að vera fest með sterku bandi. Sje hið fyrirskipaða eigi prentað á merkið en skrifað með venjulegri skrift, þarf að skrifa með bleki eða lit, sem eigi máist af við raka.

Ef sjálfar umbúðirnar eru merktar, eiga bókstafirnir að vera svo stórir og greinilegir, að auðvelt sje að lesa merkið og nota verður lit, er eigi máist af við raka.

Nafn vörunnar, verslunarinnar eða verksmiðjunnar, er selur eða býr til vörunnar, þarf að vera tilgreint án skammstafana.

Ef tilgreint er efnainnihald samkvæmt tryggingarskírteini má nota þessar skammstafanir:

Köfnunarefni í saltþjeturssýru	Kö. saltþ.
Köfnunarefni í ammoníaki	Kö. ammon
Köfnunarefni í lífroenum samböndum	Kö. lífr. samb.
Köfnunarefni í cyanamídi	Kö. cyam.

123	Fósfórsýra, vatnslaus, leysanleg í vatni	Fósf. leysanl. vatni
30. des.	Fórfórsýra, vatnslaus, leysanleg í citronsýru	Fósf. leysanl. citr.
	Fosfórsýra, vatnslaus, óleysanleg bæði í vatni og citronsýru —	Fósf. óleysanl.
	Kalí, leysanlegt í vatni	Kalí, leysanl. vatni.
	Kalk	Kalk.
	Vatnslaust brennisteinsúrt kalk	Brsts. kalk.

Nafn kjarnfóðursins eða áburðarins og hve miklu sje gefin trygging fyrir í vörunni, má setja á aðra hliðina á seknum eða merkinu, en nafn verksmiðju eða seljanda á hina hliðina.

5. gr.

Hver kaupandi er hefir í höndum tryggingarskírteini samkvæmt 1. og 2. gr., hefir rjett til að taka sýnishorn af vörum og láta rannsaka þau á efna-
rannsóknarstofu ríkisins eða öðrum löggiltum rannsóknarstofum, ef til eru eftir þeim reglum, sem hjer segir:

1. Taki kaupandi vöruna sjálfur hjá seljanda, er sýnishornið tekið áður en varan er afhent, í viðurvist seljanda og kaupanda eða umboðsmanna þeirra. Taka skal þrjú sýnishorn af hverri tegund, um þau búa og merkja eins og ákveðið er í 6. gr. Þessarar reglugjörðar og leggja með hverju þeirra blað, er á sje ritað hve nær og hvar sýnishornið er tekið, með tilvísun til tryggingarskírteinis, samkvæmt 1. og 2. gr. Skal blaðið undirritað af hlutaðeigendum eða umboðsmönnum þeirra.

Eitt sýnishornið sendist þegar til efnarannsóknarstofunnar, ásamt tryggingarskírteininu, en seljandi og kaupandi halda sínu hvor, eða umboðsmenn þeirra.

2. Nú annast seljandi flutning vörunnar á ákveðinn stað, áleiðis til kaupanda, og skal þá, nema hann sanni, að öðruvísi sje um samið, sýnishornið tekið svo fljótt sem auðið er, eftir að vöurnar eru komnar á ákvörðunarstaðinn, og má eigi dragast lengur en viku, eftir að kaupanda hefir verið tilkynnt að varan sje komin. Seljandi annast tilkynninguna.
3. Sje seljandi eða umboðsmaður hans viðstaddur, þegar varan er afhent, er farið eftir því, er segir í tölulið 1. Sje það eigi, skal þannig að farið: Um leið og kaupandi eða umboðsmaður hans tekur á móti vörunni, skal hann kveða til tvo menn, til þess skipaða af lögreglustjóra, að taka sýnishorn af vörunni, og skulu þeir í öllu fylgja reglum þeim, er um getur í tölulið 1 í þessari grein, og gefa vottorð um, að reglunum hafi verið fylgt. Þess skal og getið, hvort vöurnar hafi verið í umbúðum, hve mörg ílát eða pokar sjeu af hverri tegund og úr hve mörgum af þeim sýnishornin sjeu tekin. Enn fremur skal í vottorðinu tekið fram, hvort álítast megi, að varan hafi skemst í flutningi, og þá hvernig. Stjórnarráðið gefur út eyðublöð fyrir vottorð þessi.

4. Sýnishorn þau, sem nú hefir verið um getið, skal taka af vörunni þannig, **123**
að þau sjeu eftir því sem unt er, meðaltal þeirrar vöru, sem um er að **30. des.**
ræða. Þó verða eigi sýnishorn af þeim hluta vörunnar, sem skemst hefir í
flutningnum eða er rakur eða í skemdum umbúðum, höfð til marks um
annað en skemdir á vörunni.
5. Sje varan í umbúðum og eigi um meira en 5 heildir (poka eða önnur
ílát) að ræða, skal taka sýnishorn af þeim öllum. Sje um meira að ræða,
skal að minsta kosti taka sýnishorn af 10. hverri heild, og aldrei af minna
en 5 af hverri tegund. Öllum sýnishornum sömu tegundar skal blanda ná-
kvæmlega saman, og af þeirri samblöndun skal taka hin umræddu 3 sýnishorn.

Efnarannsóknarstofa ríkisins og aðrar löggiltar rannsóknarstofur, ef til
eru, hafa rjett til að láta taka sýnishorn til rannsóknar af vörum þeim, er
lög þessi ræða um, hjá verksmiðjum, sem framleiða þær, og kaupmönnum og
samvinnufjelögum, er versla með þær.

6. gr.

Sýnishorn af áburðar- og fódurefnum skulu tekin, ef mögulegt er inni
í húsum eða þannig, að sýnishorn verði hvorki fyrir áhrifum af raka eða öðru,
er valdið geti efnabreytingum í vörunni eða skemdum.

Ennfremur verður að gæta eftirfarandi reglna:

1. Þegar sýnishorn eru tekin af tilbúnum áburði:
 - a. Áburður, sem seldur er í pokum.
Sýnishornið á að vera sem líkast því, sem áburðurinn er yfirleitt þegar
sýnishornið er tekið, er hægt að gjöra það með höndunum, eða með lítilli
trjereku eða öðru þurru áhaldi. Sje áburðurinn finn og mülinn, má með
þar til gerðum bor eða öðrum verkfærum stinga niður í pokann, þó eigi
skemur en niður í hann miðjann. Þessa aðferð má þó ekki hafa við
súperfosfat eða annan áburð þar sem fósfórsýran er gjörð auðleyst
með sýrum.
 - b. Áburður, sem seldur er án umbúða.
Sýnishorn skulu tekin á víð og dreif úr áburðarhaugunum og þeim síðan
blandað saman svo að meðalsýnishorn fáiist. Sje um heilan skipsfarm að
ræða, ber að taka sýnishorn smátt og smátt meðan á uppskipuninni
stendur. Sýnishornin skal þegar láta í glös og loka þeim jafnóðum. Ef
uppskipunin stendur yfir í fleiri daga verður að innsigla glösin daglega
(jafnóðum og þau eru fylt). Að síðustu er öllu blandað saman, og eitt
eða fleiri sýnishorn tekið, sem eru þá meðalsýnishorn af áburðinum.
2. Sýnishorn af fódurefnum:
 - a. Af olíu eða síldarkökusendingu, sem vegur 300 kg. eða þar yfir, er tekið
á víð og dreif minst 12 kökur, sje um minna að ræða, skal tekin 10.
hver kaka. Kökurnar eru brotnar eftir rjettþyrndum krossi í fjóra hluti

123

30. des.

og einn hluti af hverri köku tekinn frá, þetta er síðan mulið á hreinum og þurrum stað. Sjeu kökurnar ekki heilar en í stærri og minni brotum er tekið á við og dreif um 2% af vörunni, þó ekki minna en 5 kg. og það síðan mulið í sundur.

- b. Við möluð fóðurefni má fylgja sömu reglu við töku sýnishorna og við tilbúinn áburð a. og b.

Þegar búið er að taka öll sýnishorn er öllum samskonar sýnishornum hrært vandlega saman á þurrum stað annaðhvort meðhöndunum eða verkfæri. Sem aðalsýnishorn er tekið minst:

- 1) Af áburði 1,5 kg.
- 2) Af olíu, síldarkökum, síld, fiskúrgangi og öðrum fóðurefnum 3,0 “
- 3) Af möluðum fóðurefnum 1,5 “

sem skiftist í 3 jafna hluta, sem um er búið, merkt og innsiglað. Áburðarsýnishorn þurfa að vera í hreinum og þurrum glösum, sem sjeu með góðum töppum. Sýnishorn af fóðurefnum má einnig senda í glösum, þjettum ljereftspokum, blikkdósum eða trjekössum, sem fóðraðir eru með með sterkum hreinum pappír. Við sendinguna verður að búa vel um sýnishornin, og ef þau eru í pokum eða trjekössum, þá þannig að raki geti eigi komist að þeim.

7. gr.

Rannsóknir þær, sem um ræðir í 5. gr., skulu gerðar af efnarannsóknarstofu ríkisins, eða öðrum rannsóknarstofum, er til þess kunna að verða löggiltar af stjórnarráðinu, eftir þeim reglum, er stjórnarráðið setur.

Leiði rannsóknin í ljós, að verðmæt efni varanna sjeu rýrari en ábyrgst hefir verið, ber seljanda að borga kostnaðinn við rannsóknina. Að öðrum kosti borgar ríkissjóður kostnaðinn að hálfu, en kaupandi að hálfu.

Rannsóknarstofan tilkynnir hlutaðeigendum árangurinn af rannsókninni, og er úrskurður hennar bindandi fyrir báða málsparta.

8. gr.

Borgun fyrir rannsóknir, sem hjer ræðir um, skal greiðast þannig:

Áburður:	kr.
Köfnunarefni í saltpjeturssýru	6
Köfnunarefni í ammoníaki	6
Köfnunarefni í lífrænum samböndum	6
Köfnunarefni í cynanamídi	6
Fosfórsýra, vatnslaus, leysanleg í vatni	9
Fosfórsýra, vatnslaus, leysanleg í Citronsýru	9
Fosfórsýra, vatnslaus, óleysanleg bæði í vatni og Citronsýru	9
Kalí, leysanlegt í vatni	9

Kalk	6	123
Vatnslaust, brennisteinssúrt kalk	6	30. des.
Sandur og önnur í málm-sýrum óuppleysanleg efni	4	
Vatn	3	
Rannsókn á því af hvaða efnum áburðurinn sje búinn til, hvort sem það er aðalefni áburðarins eða efni, sem sagt er að blandað sje í hann	4—15	

Fóðurefni:

Köfnunarefniskend efni	6
Feiti	5
Sykur	7
Sterkja	8
Sellulósa (Könings aðferð)	6
Tréni (Weende aðferð)	6
Pentosanir	12
Aska	2
Purefni	3
Smásjárrannsóknir, til þess að komast að uppruna fódursins og gæðum	6
Meltanleiki köfnunarefniskendra efna	7

9. gr.

Nú reynast verðmæt efni áburðar og fódurs, sem umræðir í reglugjörð þessari rýrari en tilgreint hefir verið á tryggingarskírteinum, að minst geti verið, og á kaupandi þá rjett til skaðabóta hjá seljanda. Skal rannsóknarstofan áætla þær og úrskurða, eftir reglum, er síðar verða settar. Skal miða við þá rýrnun á verðmæti vörunnar, er stafar af því, að eigi er efnainnihald hennar eins og til var skilið, og er seljandi skyldur að greiða þann mismun.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum, frá 100—2000 krónum.

Með mál út af reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Þetta birtist hjer með öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30 .desember 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Sýnishorn I.

TRYGGINGARSKJAL VIÐ VERSLUN MEÐ TILBÚINN ÁBURÐ.

Samkvæmt pöntun frá (nafn kaupanda)
 selur undirritaður neðanskráðum áburð og ábyrgist, samkvæmt lögum frá
 27. júní 1921, um verslun með tilbúinn áburð og kjarnfóður, sbr. reglugjörð um
 sama efni 30. des. 1921, að þær upplýsingar, sem gefnar eru á þessu tryggingar-
 skjali, sjeu rjettar.

Hvar áburðurinn er seldur (sölustaður hjerlendis) :

Dagsetning, þá er áburðurinn er afhentur :

Vör- magn þyngd	Nafn vör- unnar nr. eða merki	INNIHELDUR											Aðhuga- semdir	
		Köfnunarefni í saltþieturssýru	Köfnunarefni í ammoníaki	Köfnunarefni í lífrænum sam- böndum	Köfnunarefni í cyanamíði	Fosförsýra vatnslaus leys- anleg í vatni	Fosförsýra leysanleg í citronsýru	Fosförsýra ó- leysanleg bæði í vatni og ci- tronsýru	Kali leysanlegt í vatni	Kalk	Vatnslaut brennisteins súrt kalk	Sandur og önn- ur í málmsýr- um upplýsan- leg efni		Vatn
		%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	Kg.	

Í ábyrgðinni er áskilið að muna megir % af

Verði ekkert úr kaupum eða komi það í ljós að ekki eru sömu efni í
 vörunni og tilgreint hefir verið, hlíti jeg skaðabótum samkvæmt 8. og 9. gr.
 greindra laga.

(Undirskrift seljandans fult nafn)

Sýnishorn II.

TRYGGINGARSKJAL VIÐ VERSLUN Á KJARNFÓÐRI.

Samkvæmt beiðni (nafn kaupandans)
 selur undirritaður neðanskráðar vörur og ábyrgist að upplýsingar þær, sem
 gefnar eru á þessu tryggingarskjali sjeu rjettar samkvæmt lögum frá 27. júní
 1921 um verslun með tilbúinn áburð og kjarnfóður, sbr. reglugjörð um sama efni
 30. desember 1921.

Hvar kjarnfóðrið er selt:

Hvenær það er afhent:

Hve mikið eftir þyngd	Nafn vörunn- ar nr. eða merki	INNIHÁLD							Æthuga- semdir
		Köfnunaref- iskend efni	Fita	Sykur	Sterkja	Sé kjarnfóðrið búið til úr fleiri teg. þá hverj- um og í hvaða hlutföllum	Hvað í mesta lagi af ónýt- um efnum	Verð pr. 50 kg.	
		%	%	%	%		%		

Verði ekkert úr kaupunum eða komi það í ljós að ekki eru sömu efni í
 kjarnfóðrinu og tilgreint hefir verið, sæti jeg skaðabótum samkv. 8. og 9. gr.
 ofangreindra laga.

(Undirskrift seljandans fult nafn)

123 Sýnishorn III.

VOTTORÐ UM TÖKU SÝNISHORNA

samkv. lögum um verslun með tilbúinn áburð og kjarnfóður frá 27. júní 1921, gr. 6. og 7., sbr. reglugjörð um sama efni 30. desember 1921.

Í viðurvist undirritaðra hefir í dag samkv. lögum frá 27. júní 1921, um verslun með tilbúinn áburð og kjarnfóður, og eftir þeim reglum sem settar eru í 6. gr. í nefndum lögum, sbr. reglugjörð um sama efni 30. desember 1921, verið tekið sýnishorn af.

.....

Þyngd

Seljandi

Kaupandi

Tryggingarskjal dagsett

Fylgibrjef dagsett

Varan kom

1) Varan var seld án umbúða

2) Varan var stykki

Sýnishorn tekin úr stykkjum

Umbúðirnar voru

Umbúðirnar óhreyfðar á þeim stykkjum, sem sýnishornin voru tekin úr.

Ekkert af þeim hefir skemst af raka eða á annan hátt.

..... hinn 19

(nafn)

(nafn)

(staða)

(staða)

(heimilisfang)

(heimilisfang)

(Afrit af stimpli).